



Akraneskaupstaður

REGLUR UM VAL OG ÚTNEFNINGU HEIÐURSBORGARA AKRANESS

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt með einróma samþykkt að útnefna sérstakan heiðursborgara Akraness.

2. gr.

Við útnefningu skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu bæjarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar.

3. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða (stór)afmæli viðkomandi.

4. gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar á nafnbótinni þar sem a.m.k. kemur fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning.

5. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Akraneskaupstað sem slíkur.

6. gr.

Akraneskaupstaður hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:

- Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Akraneskaupstaðar
- Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
- Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara þegar þar að kemur í samráði við aðstandendur.



Akraneskaupstaður

7. gr.

Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í bæjarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt í bæjarráði 26. maí 2017.

Samþykkt í bæjastjórn 13. júní 2017.


BÆJARSTJÓRIN
Sævar Freyr Þráinsson
AKRANESI
bæjarstjóri